

Sviðsmyndir álagsprófs SÍ 2020

Árlegu álagsprófi Seðlabanka Íslands er ætlað að meta viðnámsprótt fjármálafyrirtækja í sviðsmynd sem byggir á tilbúnu efnahagsáfalli. Um er að ræða kerfislegt álagspróf (e. macroprudential stress test) með sveiflutengdri álagssviðsmynd, sem spannar þriggja ára tímabil. Álagsprófið veitir upplýsingar við mótnun þjóðhagsvarúðarstefnu og nýtist einnig við almennt áhættumat og eftirlit á fjármálamarkaði, m.a. í könnunar- og matsferli (SREP). Seðlabankinn birtir opinberlega helstu niðurstöður álagsprófsins á kerfislega mikilvæga banka í haustútgáfu ritsins *Fjármálastöðugleiki*.¹

Sviðsmyndir álagsprófsins eru nú einnig birtar sérstaklega og gefst öðrum aðilum því tækifæri til að nota þær í eigin álagsprófum. Þeim aðilum sem hyggjast nota sviðsmyndirnar er bent á að leggja sjálfstætt mat á hentisemi þeirra fyrir eigin álagspróf. Hönnun álagssviðsmyndarinnar miðar fyrst og fremst við þá áhættuþætti sem snerta bankarekstur. Ennfremur er tímalengd sviðsmyndarinnar valin til að kanna áhættu í bankarekstri en fyrir aðrar áhættur kunna lengri eða styttri sviðsmyndir að henta betur.

Grunnsviðsmynd álagsprófs 2020

Grunnsviðsmyndin, sem spannar þriggja ára tímabil 2020-2022, er byggð á forsendum um þróun efnahagsmála næstu árin í samræmi við grunnspá Seðlabankans sem birt var í *Peningamálum* 2019/4. Þó með þeirri mikilvægu breytingu að skammtíma vöxtum er haldið óbreyttum frá áramótum 2019/20.

Álagssviðsmynd álagsprófs 2020


Álagssviðsmyndin, sem spannar þriggja ára tímabil 2020-2022, er byggð á greiningu og mati á stöðu fjármálakerfisins og áhættuþáttum fyrir fjármálastöðugleika á Íslandi um þessar mundir (sjá nánar í *Fjármálastöðugleika* 2019/2 og í riti *The Central Bank of Iceland's approach to stress testing the Icelandic banking system*²). Sviðsmyndin er hönnuð til að kanna viðnámsprótt bankanna gagnvart kerfislægum atburði þar sem helstu áhættuþættir hverju sinni raungerast og er hún því almennt nokkuð hörð. Hún tekur þó mið af mati á stöðu fjármálasveiflunnar hverju sinni, þannig að í miklum uppgangi og við hátt eignaverð verður efnahagsáfallið sem álagssviðsmyndin endurspeglar harðari en ella.

Mikilvægt er að taka fram að álagssviðsmyndin felur ekki í sér spá Seðlabankans um væntanlega þróun þjóðhagsstærða eða annarra hagstærða. Tímaraðir fyrir álagssviðsmyndina eru fengnar með hermun á þjóðhagslíkani Seðlabankans (QMM).

Í álagssviðsmyndinni dregst útflutningur saman


Í álagssviðsmyndinni 2020 er gert ráð fyrir að alþjóðaviðskipti dragist saman, t.d. sökum vaxandi spennu í samskiptum ríkja, hækkun tolla og viðskiptahömlum á milli landa. Á heimsvísu verður hagvöxtur mun veikari og

Mynd 1
Þróun hagvaxtar
1965-2022



Heimild: Seðlabanki Íslands (QMM-keysla n. 2019).

Mynd 2
Þróun útflutnings¹
1965-2022



1. Raunbreyting.
Heimild: Seðlabanki Íslands (QMM-keysla n. 2019).

¹ Sjá t.d. *Fjármálastöðugleiki* 2019/2.

² Central Bank of Iceland (2017). Working Paper No. 75. <https://www.cb.is/publications/publications/publication/2017/09/28/Working-Paper-no.-75-The-Central-Bank-of-Iceland-s-approach-to-stress-testing-the-Icelandic-banking-system/>

fjárhagsleg skilyrði versna, þó skammtíamavextir verða áfram mjög lágir. Efnahagssamdráttur verður í viðskiptalöndum Íslands.

Viðskiptakjör versna. Verð helstu útflutningsvara Íslands lækka, álverð um 25% og verð sjávarafurða um 12%. Að auki er gert ráð fyrir um 14% aflasamdrætti. Útflutningstekjur af erlendum ferðamönnum lækka um 15% á fyrsta ári sviðsmyndarinnar (2020) frá árinu á undan, 8% til viðbótar á öðru ári og 3% á þriðja ári. Mikill samdráttur verður því í tekjum af útfluttri vöru og þjónustu. Samdráttur í heildarútflutningi fyrsta árið verður um 10% frá árinu á undan og um 5% á öðru ári. Innflutningur dregst einnig saman.

Eignaverð lækkar og fjárfesting dregst saman

Eignaverð lækkar verulega, þar á meðal lækkar verð innlendra hlutabréfa um 36%, verð íbúðarhúsnæðis um 14%, verð gistirýmis lækkar um 46% og verð annars atvinnuhúsnæðis um 31%. Fjárfesting dregst saman um 10% yfir tímabilið.

Gengi krónunnar gefur minna eftir en í fyrri kreppum hér á landi

Gert er hins vegar ráð fyrir að gengi krónunnar gefi minna eftir en í fyrri kreppum hér á landi.³ Vísitala meðalgengis hækkar þó um 16% yfir tímabil álagssviðsmyndarinnar. Ekki er gert ráð fyrir miklu fjármagnsútlæði úr landi, vegna slæmra efnahagsaðstæðna og lágs vaxtastigs erlendis.⁴ Verðbólga og skammtíamavextir á Íslandi verða því sögulega lágir í álagssviðsmyndinni. Kaupmáttur dregst einungis lítillega saman, eða um 1,3%, á fyrsta ári. Einkaneysla dregst einnig lítillega saman, samtals um 2% fyrstu tvö árin.

Atvinnuleysi eykst og verg landsframleiðsla dregst saman

Fasteignafélög, byggingarstarfsemi og ferðþjónusta verða fyrir áfalli vegna minni umsvifa, hærri vaxtaálags og lækkunar fasteignaverðs. Einnig ná áhrifin til þjónustu almennt og fleiri atvinnugreina. Atvinnuleysi eykst og verður hátt yfir tímabilið (7-7,3%). Verg landsframleiðsla dregst saman um 3,2% á fyrsta ári og um 0,9% á öðru ári.


Áhættuálag hækkar og fjármögnun verður erfiðari

Gert er ráð fyrir viðbótarálagi á kjör skuldabréfaútgáfa einkageirans og fjármögnun banka bæði á Íslandi og erlendis umfram grunnsviðsmynd. Vaxtaálag banka og fyrirtækja hækkar um 250 punkta á innlendra markaðsfjármögnun og um 550 punkta á erlendra fjármögnun.⁵ Vaxtaálag íslenskra ríkisbréfa verður 200 punktar umfram almenna þróun vaxta, en þó er gengið út frá því að álag á erlend ríkisskuldabréf verði óbreytt að meðaltali. Þar sem lækkun verðbólgu og vaxta á Íslandi vegur á móti hækkan vaxtaálags íslenskra ríkisbréfa, er gert ráð fyrir óverulegri breytingu á ávöxtunarkröfu og verði bréfanna.

Tímaraðir


Tímaraðir helstu þjóðhagsstærða og annarra hagstærða, bæði fyrir grunn- og álagssviðsmyndina, má finna í excel-skjalinu *Þjóðhagstærðir 2020*.

Mynd 3
Þróun gengisvísitölu
1992-2022




Heimild: Seðlabanki Íslands (QMM-keýrsla nóv. 2019).

Mynd 4
Þróun verðbólgu og vaxta¹
1988-2022



1. Ársmeðaltal verðbólgu og prósentubreyting skammtíamavaxta.
Heimild: Seðlabanki Íslands (QMM-keýrsla nóv. 2019).

Mynd 5
Þróun kaupmáttar og atvinnuleysis¹
1988-2022



1. Raunbreyting frá fyrra ári, nema ársmeðaltal atvinnuleysis.
Heimild: Seðlabanki Íslands (QMM-keýrsla nóv. 2019).

³ Meðal annars vegna þess hversu stór hreinn gjaldeyrisforði Seðlabankans er.

⁴ Að auki má nefna að erlend fjárfesting í verðbréfum hér á landi er nú umtalsvert minni en t.d. fyrir efnahagsáfallið 2008 sem og erlendar skammtíamaskuldir.

⁵ Viðbótarálag umfram álagið (ofan á kröfu ríkisbréfa) sem notað er í grunnsviðsmyndinni fyrir einkageira og banka.